



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 6. mars 2019

Ákvörðun nr. 4/2019

## **Kaup FREYJU framtakssjóðs slhf. á 49% hlut í Ísmar ehf.**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

Með bréfi, dags. 25. janúar 2019, var Samkeppniseftirlitið upplýst um fyrirhugð kaup FREYJU framtakssjóðs slhf. (hér eftir Freyja) á 49% hlut í Ísmar ehf. (hér eftir Ísmar) en Ísmar er nú að fullu í eigu Sjávarsýnar ehf. (hér eftir Sjávarsýn). Var það mat samrunaaðila að samruninn væri ekki tilkynningarskyldur en báðu jafnframt um leiðbeiningu Samkeppniseftirlitsins um mat á því, ásamt því að vísa til 4. mgr. 17. gr. b. samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið sendi samrunaaðilum leiðbeiningu þann 15. febrúar 2019. Í leiðbeiningunni kom fram að miðað við fyrirliggjandi gögn væru að mati eftirlitsins líkur á að um tilkynningaskyldan samruna væri að ræða.

Þann 22. febrúar 2019 sendu samrunaaðilar samrunaskrá í samræmi við 1. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. viðauka II við reglur nr. 684/2008 um tilkynningu samruna og málsmeðferð í samrunamálum, þ.e. svokölluð styttri samrunatilkynning.

Með tölvupósti dags. 28. febrúar 2019 óskaði Samkeppniseftirlitið eftir nánari upplýsingum frá samrunaaðilum. Upplýsingarnar bárust samdægurs og þeir frestir sem eftirlitið hafði til að rannsaka samrunann samkvæmt 17. gr. d. samkeppnislaga byrjuðu að líða 1. mars 2019.

### **II.**

#### **Samruninn**

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum fyrirtækis til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. fallist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar. Samkeppniseftirlitið telur að í kaupum Freyju á 49% hlut í Ísmar felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.



Freyja er framtakssjóður í rekstri Kviku banka hf. (hér eftir Kvika). Freyja er áhrifafjárfestir sem tekur virkan þátt í stefnumótun félaga sem fjárfest er í og styður stjórnendur með markvissum hætti við rekstur, veitir aðhald og eftirfylgni. Á grundvelli rekstrarsamningsins annast Kvika daglegan rekstur sjóðsins. Kvika er viðskiptabanki á Íslandi og er með starfsleyfi sem slíkur frá Fjármálaeftirlitinu í samræmi við ákvæði laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Í samrunaskrá segir að eignarhald sjóðsins sé dreift og enginn aðili fari með yferráð yfir Freyju með eignarhlutdeild sinni í félaginu eða öðrum samningum. Þá telja samrunaaðilar að Kvika eigi aðeins óverulega hlutdeild í Freyju og að aðkoma Freyju sé á grundvelli samnings sem hluthafafundur getur sagt upp einhliða með hefðbundnum fyrirvara. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 35/2016, *Kaup Almenna leigufélagsins ehf. á Leigufélagi Kletti ehf.*, sbr. einnig ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 12/2017, *Kaup almenna leigufélagsins á BK eignum ehf.*, og sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 17/2018, *Kaup Almenna leigufélagsins ehf. á Reykjavík Apartments ehf., X459 ehf. og L56 ehf.*, kemur fram að sjóðir í rekstri fjármálafyrirtækja væru alla jafna taldir vera undir yferráðum viðkomandi fjármálafyrirtækis í skilningi samkeppnislaga.

#### *1. Markaður málsins og staða samrunaaðila á honum*

Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði.

Ísmar er einkahlutafélag sem sérhæfir sig í tækjabúnaði til hvers konar landmælinga, vélstýringa, loftræstikerfa, hitamyndavéla, fjarSKIPTA og lasertækni. Fyrirtækið hefur haslað sér völl á sviði búnaðar til umferðaröryggis og löggæslu. Í samrunaskrá kemur fram að samrunaaðilar telja að Ísmar starfi á markaði fyrir heildsölu og smásölu mælitækja.

Í samrunaskrá kemur fram að Freyja starfi fyrst og fremst á markaði fyrir fjárfestingastarfsemi. Jafnframt kemur fram að ekkert af þeim félögum í rekstarsafni annarra framtakssjóða í rekstri Kviku starfi á sama markaði og Ísmar.

Benda samrunaaðilar á að Freyja og Ísmar starfi á ólíkum mörkuðum og samruninn muni ekki hafa áhrif á samkeppni á neinum þeim mörkuðum sem starfsemi þeirra eða tengdra aðila tekur til, þar sem starfsemi þeirra skarast ekki með neinum hætti.

Miðað við uppgefnar upplýsingar leiða þau viðskipti sem hér eiga sér stað ekki til samþjöppunar á framangreindum markaði. Eins og mál þetta er vaxið er þó ekki þörf á því að greina markaðina nákvæmlega.



### III.

#### Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga.

Að mati samrunaaðila eru samkeppnisleg áhrif samrunans hverfandi. Af því leiði að ekki sé tilefni til íhlutunar af hálfu Samkeppniseftirlitsins vegna samrunans.

Að virtum gögnum málsins er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna, s.s. með íhlutun í formi ógildingar eða setningu skilyrða.

### IV.

#### Ákvörðunarorð

**„Kaup FREYJU framtakssjóðs slhf. á 49% hlut í Ísmar ehf. af Sjávarsýn ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Ásgeir Einarsson